

**Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 8. september 2016 R16090002**

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
R16090009	Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvína um rafræna þjónustukönnun hjá foreldrum leikskólabarna og starfsfólki á eikskólum, dags. 1.9.'16.	Sent SLR, SFS og FMS til umsagnar.
R16090008	Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvína um áskorun um skattlagningu ofurbónusa, dags. 1.9.'16.	Sent FMS til umsagnar.
R16010070	Bréf SÍS varðandi rekstrarkostnað á nemanda eftir stærð grunnskóla 2015.	Sent SFS til meðferðar.
R16090007	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkus um rekstrarvanda grunn- og leikskóla, dags. 1.9.'16.	Sent SBB til umsagnar.
R13030137	Beiðni Lindarvatns ehf., dags., 5.8.2016, um endurskoðun á ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs á deiliskipulagi Landsímareits Kvosinni	Svar skrifstofustjóra borgarstjórnar, dags. 2. 9.2016, sent Lindarvatni ehf. og afrit á USK.



Reykjavík, 2. september 2016  
R13030137  
6631

Lindarvatn ehf.

***Breyting á deiliskipulagi Landsímareits, beiðni um endurskoðun.***

Með bréfi Lindarvatns ehf. dags. 5. ágúst sl. til borgarráðs kemur fram að umhverfis- og skipulagsráð hafi afgreitt fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi Landsímareits með neikvæðum hætti. Óskað er eftir því að borgarráð endurskoði ákvörðun ráðsins.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. júlí sl. var lögð fram fyrirspurn THG arkitekta ehf., varðandi niðurrit og uppbyggingu á lóð nr. 6 við Thorvaldsenstræti. Umhverfis og skipulagsráð tók neikvætt í fyrirspurnina og vakti athygli lóðarhafa á því að deiliskipulag Landsímareits byggir á þeirri grunnhugmynd að fléttu skuli nýjar byggingar á reitnum við þær sem fyrir eru. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að viðkomandi bygging standi áfram. Lóðarhafi þurfi því að finna not fyrir þessa byggingu sem henta henni.

Í 3. gr. samþykktar fyrir umhverfis- og skipulagsráð sem samþykkt var í borgarstjórn 21. júní 2016 kemur fram að ráðið fer með verkefni skipulagsnefnda skv. skipulagslögum hverju sinni. Í viðauka 1.1. um fullnaðarafgreiðslur umhverfis - og skipulagsráðs við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, kemur fram að ráðið afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, öll mál sem sveitarstjórn afgreiðir samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 6. gr. laganna, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í ljósi þess að borgarráð hefur falið umhverfis- og skipulagsráði fullnaðarafgreiðslu skipulagsmála samkvæmt skipulagslögum, er borgarráði ekki heimilt að endurskoða slíka ákvörðun. Einnig ber á það að líta að um er að ræða svar umhverfis- og skipulagsráðs við fyrirspurn og ekki verður séð að fyrir liggi nein sí ákvörðun samkvæmt skipulagslögum sem unnt væri að óska eftir endurskoðun eða endurupptöku á. Fyrirspyrjanda er bent á að leita til umhverfis- og skipulagsráðs ef ætlunin er að leggja nýtt og breytt erindi fram vegna málsins.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Afrit:

Umhverfis- og skipulagsráð